

Fundargerð 8. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði föstudaginn 15. maí kl 10.30 – 15.00 á Eiríksstöðum Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Keflavíkurflugvelli.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Björn Óli Hauksson (BÓH), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Kári Gunnlaugsson (KG), Hildur Reykdal (HR), Pétur K. Maack (PKM), og Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG), Þórólfur Guðnason (ÞG), Sigurgeir Sigmundsson og Ómar Sveinsson (ÓS) sem fundarritari. Gestir voru: Þórólfur Árnason og Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir frá Samgöngustofu. Starfsmenn Isavia á fundinum: Hlynur Sigurðsson, Guðný María Jóhannsdóttir og Guðmundur Daði Rúnarsson.

Fjarverandi: Jón Pétur Jónsson (JPJ), Auður Lilja Arnþórsdóttir (ALA) og Haraldur Briem (HB)

Dagskrá fundarins:

Léttur morgunverður á Eiríksstöðum í boði Isavia

1. Skipun Ólafs Helga Kjartanssonar lögreglustjóra í flugvirkarráð.
2. Dagskrá.
3. Fundargerð síðasta fundar.
4. Masterplan kynning – Guðný/Pálmi (40 mínútur).
5. Farþegaspá kynning - Grétar.
6. Vettvangsskoðun um flugstöðina (1-1,5 klst.):
 - a. Innritun og bílastæði – BÓH/Daði.
 - b. Vopnaleyti – BÓH/Daði.
 - c. Brottfararsvæði – BÓH/Daði.
 - d. Aðstaða lögreglu út í suðurbyggingu – lögreglan.
 - e. Nýbygging út í suðurbyggingu – BÓH/Daði.
 - f. Kjallari út í suðurbyggingu (hundaherbergi, fyrirhuguð aðstaða v. Ebólu o.fl.) - BÓH/Daði.
 - g. Kanada vopnaleyti út í suðurbyggingu – BÓH/Daði.
 - h. Aðstaða Tollur í komusal og jafnvel skrifstofa – Kári.

Kaffi og sætabrauð á Eiríksstöðum í boði Isavia.

7. Bréf til innanríkisráðuneytis og Ícelandair.
8. Fjármögnun á starfseminni.
9. Staða verkefna flugvirkaráætlunar.
10. Önnur mál.
11. Næsti fundur.

Fundargerð:

PKM hélt inngangskynningu og lét svo FS eftir fundarstjórn.

- 1) Skipunarbréf ÓHK kynnt, sjá viðauka 1.
- 2) Dagskrá kynnt og samþykkt
- 3) Fundargerðir síðasta fundar samþykkt án athugasemda

- 4) Masterplan Keflavíkurlflugvallar: Isavia kynnti tillögu þá sem samþykkt hefur verið. Nokkur umræða var um masterplanið þar sem m.a. kom fram að næsta skref væri að meta þarfir aðila sem þurfa aðstöðu á velli. Einnig kom fram að miðað við umrætt skipulag þá færi völlum út fyrir skipulagssvæði sitt en Isavia væri þegar komið í samband við Sandgerðisbær vegna þess. Spurt var hvort búið væri að fórna brautarstæði með þeirri útfærslu sem samþykkt en forstjóri Isavia kvað svo ekki vera. Fram kom að gert væri ráð fyrir því að árið 2040 yrðu 47 flugvélastæði við flugstöðina og hægt væri að fjölga þeim í 60. Jafnframt er gert ráð fyrir lestarspori við flugstöðina. Vinna er þegar hafin við að fjölga bílastæðum við flugstöðina og til skoðunar er bygging á bílastæðahúsi. Sjá viðauka 2.
- 5) Kynnt var farþegaspá sem gerð var samvinnu við hagsmunaaðila og m.a. byggð á fyrirhuguðum flotabreytingum og fjölgun ákvarðanastaða flugrekstraraðila. Spáin gerir ráð fyrir því að árið 2040 verði farþegafjöldi orðin 14 milljónir farþega á ári. Isavia hefur síðustu 5 ár reynt að vekja áhuga flugrekanda á að fljúga á Akureyri og Egilsstaði án árangurs og er því spáin eingöngu byggð á flugi til og frá Keflavík. Sjá viðauka 3.
- 6) Vettvangsskoðun um flugstöð. Starfsmenn Isavia fóru með flugvirkarráð í vettvangsferð um flugstöðina og sýndu þær breytingar sem gerðar hafa verið og kynntu það sem stendur til, m.a. aukna sjálfvirkni við innritun farþega ofl.
- 7) Útsend bréf. FS kynnti bréf sem send voru innanríkisráðherra og Ícelandair vegna erindis Ícelandair um hliðskoðanir. Sjá viðauka 4 og 5.
- 8) Ályktun flugvirkarráðs. PKM og FS kynntu drög að ályktun flugvirkarráðs um gjaldheimildir opinberra stofnana, ályktunin var samþykkt með breytingum. Sjá viðauka 6
- 9) Staða verkefna á flugvirkaráætlun. Af fyrirliggjandi verkefnum á flugvirkaráætlun má loka verkefni hjá Þjóðskrá vegna framlengingar vegabréfa með fráviki þar sem enn vantar minnisblað frá Þjóðskrá um stöðu málsins. HSS benti á að skv. upplýsingum frá ICAO þá yrði hætt að samþykkja framlengd vegabréf innan tíðar. Loka má verkefni hjá Lögreglunni á Suðurnesjum. Önnur verkefni eru í farvegi. BÓH benti á að unnið væri að áætlun um „varaflugstöð“ sem hægt yrði að taka í notkun ef eitthvað kæmi fyrir FLE.
- 10) HSS kynnti ECAC fund sem hún sótti í París í byrjun maí.
 - a. Kominn er nýr tengiliður við ECAC varðandi flugvirkt. Það er Mrs. Patricia Hayes frá Bretlandi.
 - b. Sagt var frá síðasta ICAO FAL Panel/8 fundi hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni. Lagt hefur verið til að ICAO fari í úttekt á öllum kröfum viðauka 9. Ekki er víst hvað gert verður þar sem viðauki 9 snertir á starfsemi mjög margra opinberra aðila. Ekki er ákveðið hvenær næsti ICAO FAL Panel fundur verður þar sem ICAO Assembly verður 2016.
 - c. Kynning frá Hollandi um svokallað CAWG samstarfs á milli ICAO og IATA. CAWG stendur fyrir „Control Authorities Working Group“. Á síðasta fundi voru fjórir vinnuhópar að störfum: 1. ETA/VISA working group (fjallaði um rafrænar ferðaheimildir). 2. Data Transfer group (fjallaði um gagnaskipti t.d. API og PNR og bestu leið til að nýta ferðagögn. 3. Minors issues working group. 4. Document Check/Carrier Liability working group (fjallar um skoðun gagna áður en gengið er um borð; um sektir til flugfélaga sem flytja farþega sem ekki eiga að ferðast ofl.)
 - d. Lögð var fram greining á kvörtunum hreyfihamlaðara farþega fyrir árin 2013 og 2014.

- e. Vinnuhópur um innflytjendamál skilaði vinnuskýrslu. Hópurinn fjallar t.d. um API upplýsingar; Air Carrier liability; Crew Member Certificates (CMC) og Unaccompanied minors. Gerðar voru breytingar að tillögu hópsins á ECAC DOC 30.
- f. Fjallað var um flutning á farmi. Tengiliður þar er Mr. Kostner frá Hollandi. Gerðar voru breytingar að tillögu hópsins á ECAC DOC 30.
- g. Frakkland sagði frá fundi CAPSCA og stöðu mála varðandi Ebólu. Talið er að 11000 manns hafi látist úr sjúkdómnum og ekki er vitað til þess að farþega hafi smitast með eða í flugi. ICAO og ECAC mæltust til að ríki stöðvuðu ekki flug flugrekstraraðila sinna til og frá Ebólusvæðum. Sagt var frá Passenger's locator cards sem finna má í viðauka 9 en þykir of flókið. Unnið er að einföldun þess.
- h. ICAO /ECAC mun líklega halda vinnustofu fyrir aðildarríki sín um ráðstafanir og stuðning fyrir fórnarlömb flugslysa í byrjun árs 2016.

11) Í framhaldi af þessari umræðu var spurt hvort E-bólu æfing hefði farið fram á Íslandi. ÞG svaraði því að svo væri ekki heldur væri unnið að heildarviðbragðsáætlun sem yrði lokið í byrjun júní.

12) Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn í ráðuneytinu 29. september kl. 13.00

Viðaukar:

- a. Skipunarbréf ÓHK
- b. Keflavík Masterplan
- c. Farþegaspá
- d. Bréf til innanríkisráðuneytis
- e. Bréf til Icelandair
- f. Ályktun flugvirkarráðs 15.5.2015
- g. Flugvirktaráætlun 2015 nafni Ólafs Helga Kjartanssonar bætt við áætlunina